

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, félagssvæði HK og Víkings í Fossvogsdal.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 5. janúar 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 frá 29. apríl 1994.

Afmörkun útvistarsvæða til sérstakra nota breytist á eftirfarandi hátt:

Ípróttasvæði HK í Fossvogi stækkar til austurs og norðurs (líka innan Reykjavíkur sbr. breytingartillögu þar) og breytist opið svæði í opið til sérstakra nota.

Ípróttasvæði Víkings í Fossvogi stækkar til suðurs (inn í land Kópavogs) og breytist opið svæði í opið svæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 5. janúar 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.